

Nd.

423. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennit sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 20 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 30 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 45 kr. á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 31 1960.

G r e i n a r g e r ð .

Síðan seinast var gerð breyting á sjúkrahúsalögum, hefur dýrtíð stóraukizt. Er nú svo komið, að bæjarfélög, sem standa undir rekstri sjúkrahúsa, rísa naumast undir þeim mikla rekstrarhalla, sem á þessum rekstri er nú orðinn.

Styrkur ríkissjóðs til rekstrar sjúkrahúsa hefur verið óbreyttur síðan 1958. Þá var hann ákveðinn 10 krónur á legudag til almennra sjúkrahúsa sveitarfélaga svo og til einkasjúkrahúsa, en 15 krónur á legudag til stærri sjúkrahúsa, ef þau höfðu a. m. k. tvo fastráðna lækna. Þá skyldu fjórðungssjúkrahúsum, og þeim sjúkrahúsum sveitarfélaga, sem bezt væru búin tækjum, greiddar 25 krónur á legudag í rekstrarstyrk.

Hér er lagt til, að auknum rekstrarkostnaði sjúkrahúsa síðan 1958 verði mætt með hækun ríkisstyrks þannig, að almenn sjúkrahús sveitarfélaga fái 20 krónur

á legudag, hin stærri sjúkrahús sveitarfélaga 30 krónur og fjórðungssjúkrahúsin og hin bezt búnu sjúkrahús sveitarfélaganna 45 krónur á legudag.

Mundi láta nærri, að ríkið tæki nú svipaðan þátt í rekstri sjúkrahúsanna og 1960, ef þessi breyting yrði á rekstrarstyrknum. Er því á allan hátt sanngjarnt, að frumvarp þetta verði samþykkt á þessu þingi.

Að flutningi málsins standa einnig fulltrúar Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi, en þeir eiga, sem kunnugt er, sæti í efri deild.

Til enn fyllri rökstuðnings málinu þykir rétt að birta hér sem fylgiskjal bréf bæjarstjórans á Ísafirði ásamt samþykkt bæjarstjórnar og rökstuðningi fyrir nauðsyn málsins.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Á ÍSAFIRÐI

Ísafirði, 4. marz 1963.

Ég leyfi mér að tilkynna yður, háttvirtu alþingismaður, eftirfarandi einróma samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar:

„Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á þingmenn Vestfjarðakjördæmis að flytja þegar á þessu þingi frumvarp um breytingu á lögum um sjúkrahús, nr. 93 frá 31. desember 1953, þess efnis, að ríkisstyrkur til sjúkrahúsa verði hækkaður í hlutfalli við hækkun, sem orðið hefur á rekstri sjúkrahúsa, frá því að umræddum lögum var breytt 1958. Bæjarstjóra sé falið að semja greinargerð með tillögunni.“

Greinargerð bæjarstjóra.

Rekstur sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga hlýtur að vera bæjar- og sveitar- sjóðum þung fjárhagsleg byrði, eins og þeim málum er nú háttað. Kostnaður eykst ár frá ári, svo sem alkunna er, vegna síhækkandi kaupgjalds og vöruverðlags, m. a. á lyfjum. Nokkru veldur um kostnaðinn, að nú á tímum eru gerðar miklar kröfur til slíkra stofnana, eins og sjálfsagt er. Orðið er við þeim kröfum, eftir því sem unnt er. Að því er varðar sjúkrahús Ísafjarðar, sem nú er orðið 37 ára, þá hefur það á undanförunum árum verið fært í nútímahorf, eftir því sem frekast varð við komið, miðað við gerð þess og tilhögun. Þetta á bæði við um húsið sjálft og allan útbúnað þess. Hér var um stórt fjárhagslegt átak að ræða fyrir tiltölulega fámennt bæjarfélag. En þörfin var brýn og aðkallandi og einhugur ríkjandi um mikilsvert velferðar- og menningarmál kaupstaðarins. Bæjarfélagið hefur að sjálfsögðu lagt sjúkrahúsinu til stórfé á undanförunum áratugum. Þau framlög verða ekki talin upp hér. En á árunum 1956—1963, að báðum meðtöldum, nema framlög bæjarsjóðs Ísafjarðar til sjúkrahússins samtals kr. 3 765 000.00. Þessa upphæð hefur orðið að innheimta með auknum álögum á bæjarbúa. Framlag þessa árs nemur t. d. um það bil 840 krónum á hvern útsvarsgjaldanda í bænum.

Útgjöldin aukast jafnt og þétt. Það er erfið staðreynd, en verður engan veginn umflúin. Öðru máli gegnir um tekjurnar. Legudagafjöldinn verður nokkurn veginn sá sami frá ári til árs. Og daggjöldin eru í raun og veru háð ákvörðunum stjórnarvalda. Tryggingastofnun ríkisins samþykkir ekki, að sjúkrasamlög greiði hærri daggjöld en Landspítalinn innheimtir. Daggjöld fyrir ríkisframbærslusjúklinga eru samkvæmt fyrirmælum stjórnarvalda einskorðuð við daggjöld, sem Tryggingastofnunin heimilar sjúkrasamlögum að greiða. Þannig ber allt að sama brunni: Tekjurnar eru bundnar, en útgjöldin aukast jafnt og þétt.

Bent hefur verið á, að daggjöld sjúkrahúsanna eru að ákvörðun stjórnarvalda einskorðuð við þau daggjöld, sem Landspítalinn innheimtir. Líti maður svo á fjárlög ríkisins, kemur í ljós, að undanfarin ár hefur nokkuð skort á, að helmingur rekstrarkostnaðar Landspítalans fái endurgreiddur með daggjöldunum, — samtals

rúmar 84 milljónir á árunum 1957—1963. Hinn hluti rekstrarkostnaðarins, 88.5 milljónir á sömu árum, er svo, eins og gefur að skilja, greiddur jafnóðum úr ríkissjóði. Gera verður ráð fyrir, að fullgildar ástæður séu til þeirrar stefnu að halda daggjöldum Landspítalans og annarra ríkisspítala svo lágum sem raun ber vitni, en greiða stórkostlegan og sívaxandi rekstrarhalla úr ríkissjóði. En samhliða þeirri stefnu verður óhjákvæmilega að gera ráðstafanir til þess, að hún bitni ekki með óbærilegum þunga á bæjar- og sveitarsjóðum, sem verða að standa straum af rekstri sjúkrahúsa sinna. Því fer fjarri, að reynt verði að halda fram, að rekstur fátækra bæjarsjúkrahúsa sé sambærilegur um þjónustu eða annað við þá ágætu stofnun Landspítalann. En hinu verður tæplega á móti mælt, að mikið skorti á, að fulls réttlætis sé gætt um fjárgreiðslur úr ríkissjóði.

Pegar sú hlið málsins er athuguð, verður að hafa í huga, að legudagar sjúklinga sjúkrasamlags Ísafjarðar nema innan við 40% af legudagafjöldanum samtals. Hitt eru sjúklingar frá öðrum sjúkrasamlögum og ríkisframfærslusjúklingar. Skiptingin er auðvitað nokkuð misjöfn frá ári til árs, en þó ekki stórlega. Réttara er þó að leggja saman legudagafjölda nokkurra ára til þess að fá öruggari upplýsingar um skiptinguna. Á árunum 1956—1962, að báðum meðtöldum, voru legudagar alls 89034 fyrir öll árin. Þar af voru legudagar sjúklinga sjúkrasamlags Ísafjarðar 35163, legudagar sjúklinga annarra sjúkrasamlaga 31605 og legudagar ríkisframfærslusjúklinga 22266.

Háttvirtum alþingismönnum er kunnugt um miklar verðhækkningar, sem orðið hafa, síðan styrkur til sjúkrahúsa var síðast ákveðinn 1958. Af þeim verðhækkunum leiðir, að það er orðið mjög aðkallandi og raunar óhjákvæmilegt að endurskoða ákvæði sjúkrahúsalaga um styrkveitingar til rekstrar. Það á jafnt við um fjórðungssjúkrahúsin og önnur sjúkrahús og sjúkraskýli, sem hljóta öll að vera mikil byrði á fámennum bæjarfélögum og öðrum sveitarfélögum.

Með ofanrituðu er sérstaklega óskað eftir lagabreytingum til hækkunar á styrkveitingum til rekstrar. En um leið er bent á, að það væri einnig réttmætt og nauðsynlegt að leiðrétta ákvæði laganna um stofnkostnaðarframlög, m. a. til áhaldakaupa. Það er t. d. engu síður nauðsynlegt að veita framlög til kaupa á nýttizkutækjum handa gömlum sjúkrahúsum en handa þeim, sem eru byggð eða tekin í notkun, eftir að lögin frá 1953 (með breytingu 1956) voru sett. Sjúkrahús Ísafjarðar sótti um slíkt framlag vegna gagngerra endurbóta og kaupa á nýttizku lækningatækjum, en án árangurs.

Ísafirði, 28. febrúar 1963.

Jón Guðjónsson.

Herra Hannibal Valdimarsson alþingismaður,
Alþingi, REYKJAVÍK.